

---

## Minnisblað

Dagsetning: 01. nóvember 2021  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum vegna COVID-19.**

---

Gildandi reglugerð um um sóttvarnaráðstafanir á landamærum (nr. 1100/2021) tók gildi 1. október 2021 og gildir til 6. nóvember 2021.

Samkvæmt reglugerðinni þá þurfa allir farþegar sem hingað koma, íslenskir sem erlendir, að framvísa neikvæðu PCR eða hraðgreiningaprófi við byrðingu erlendis sem ekki má vera eldra en 72 klst. gamalt. Udanþegnir þessar skyldu eru íslenskir ríkisborgarar og þeir sem hafa tengsl við Ísland en þeir þurfa að undirgangast PCR eða hraðgreiningapróf innan tveggja daga eftir komu hingað til lands. Sömuleiðis eru börn fædd 2005 undanþegin að framvísa neikvæðu prófi sem og skipti-/tengifarþegar sem ekki fara út fyrir landamærastöð. Allir farþegar sem hingað koma og eru ekki með vottorð um að vera full bólusettir gegn COVID-19 eða ekki með vottorð um yfirstaðna sýkingu af völdum COVID-19, verða hins vegar að fara í PCR sýnatöku við komu hingað til lands og fimm daga sóttkví sem lýkur með öðru PCR prófi. Rök fyrir þessum aðgerðum er lýst í minnisblaði sóttvarnalæknis frá 27. september 2021.

Frá því að reglugerð nr. 1100/2021 tók gildi þ. 1. október sl. þá hefur smitum sem greinast á landamærum fjölgað nokkuð en þau eru að jafnaði færri en 10 á hverjum degi, nánast allt full bólusettir einstaklingar. Á sama tíma hefur smitum innanlands fjölgað verulega og greinast nú um 70-90 manns á dag og virðist faraldurinn hér vera í töluverðum vexti. Jafnframt fjölgar þeim sem veikjast alvarlega af COVID-19 og þurfa að leggjast inn á sjúkrahús en um 2% þeirra sem greinast þurfa að leggjast inn á sjúkrahús. Þannig er faraldurinn farinn að hafa íþyngjandi áhrif á starfsemi Landspítalans og ýmsa covid tengda starfsemi eins smitrakningu og eftirlit covid-göngudeildar Landspítalans.

Raðgreining Íslenskrar erfðagreiningar sýnir að nánast öll smit undanfarnar vikur eru af völdum delta afbrigðis veirunnar og einnig að flest afbrigðin sem greinast á landamærunum ná ekki dreifast víða þökk sé smitrakningu, sóttkví og einangrun.

**Það er því ljóst að núverandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum og innanlands eru ekki að ná að halda faraldrinum innanlands í skefjum. Ég tel því óvarlegt að slaka á þeim takmörkunum sem nú eru viðhafðar á landamærum og legg því til óbreyttar aðgerðir frá 6. nóvember nk. Ég tel einnig að stjórnvöld þurfi að íhuga alvarlega hvort ekki eigi að láta núverandi ráðstafanir á landamærum gilda næstu vikur og mánuði því ekkert útlit er fyrir að COVID-19 sé að hverfa úr heiminum á næstunni.**